



# Meðferð með BCG bóluefni

BCG bóluefni (veiklaðar berklabakteríur) er notað til að meðhöndla yfirborðslægt krabbamein í þvagblöðru. Bóluefninu er sprautað inn í þvagblöðruna og við það örvast varnarkerfi líkamans í blöðruveggnum og ræðst á krabbameinsfrumurnar. Áður en meðferð hefst þarf slímhúðin í þvagblöðrunni að vera gróin, því þurfa tvær vikur að vera liðnar frá blöðruspeglun.

## Undirbúningur fyrir meðferð

Mikilvægt er að BCG bóluefnið þynnist ekki af þvagi. Til að takmarka þvagframleiðsluna á ekki að drekka í þrjár klukkustundir fyrir meðferð og bíða með þvaglosandi lyf þar til eftir meðferð.

## Staður og tími

Lyfjagjöfin fer fram á göngudeild þvagfæra 11A einu sinni í viku í sex skipti. Í einstaka tilviki þarf lengri meðferð. Hver meðferð tekur um 10-15 mínútur.

## Framkvæmd

Þvagrásarop er þvegið með saltvatni og þvagleggur settur í þvagblöðruna. Síðan er lyfinu sem er 50 ml af vökva sprautað inn í þvagblöðruna gegnum þvaglegginn og hann síðan fjarlægður. Mikilvægt er að halda í sér þvagi eins lengi og hægt er eftir lyfjagjöfina, helst í tvær klukkustundir. Við fyrstu þvaglát eftir meðferð er best að sitja á salerninu. Drekkja þarf að minnsta kosti tvo lítra fyrsta sólarhringinn eftir meðferðina.

## Aukaverkanir

Þvagði getur orðið blóðlitað og einkenni eins og tíð þvaglát og sviði geta komið fram. Gott er að eiga verkjalyf til að taka eftir þörfum.

**Hafa skal samband við göngudeild þvagfæra 11A eða bráðamóttöku ef:**

Hiti er hærri en 38,5°C eða mikill slappleiki

## Kostnaður

Greiða þarf fyrir meðferðina. Verðskrá er birt með fyrirvara um breytingar á gjaldskrá Landspítala.

## Símanúmer

Göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut er opin virka daga kl. 8-16, sími 543 7100. Utan þess tíma má hafa samband við bráðamóttöku í Fossvogi í síma 543 2000.

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja á deildina ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.